

Reglur um lykilstarfsmenn og mat á hæfi

Version	Amendment(s)	Amended by	Date	Reviewed or signed off by	Date
1.0	First version	Kristján Valdimarsson Compliance officer	9. 7. 2018	Board of directors	23.7. 2018

All rights reserved. No part of this document may be reproduced or transmitted in any form or by any means, electronic, mechanical, photocopying, recording, or otherwise, without prior written permission of Borgun.

1 Markmið

Borgun hf. leggur ríka áherslu á að allt starfsfólk búi yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin og þá þjónustu sem félagið veitir. Einnig er lögð rík áhersla á að starfsfólk Borgunar sé kunnugt um allar innri reglur og verkferla félagsins til að draga úr mögulegri rekstrar- og orðsporsáhættu félagsins.

Gerðar eru strangari kröfur til lykilstarfsmanna Borgunar en annarra starfsmanna og því mikilvægt að setjar reglur um lágmarkskröfur um hæfi tiltekinna lykistarfsmanna. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010, um hæfi lykilstarfsmanna.

2 Lykilstarfsmenn Borgunar

Í 8. tölul. 1. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki er lykilstarfsmaður skilgreindur sem einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu fyrirtækisins.

Stjórn Borgunar skilgreinir á hverjum tíma hvaða starfsmenn teljist vera lykilstarfsmenn. Að mati stjórnar Borgunar teljast eftirtaldir aðilar ávallt til lykilstarfsmanna:

- Forstjóri
- Mannauðsstjóri
- Viðskiptaþróunarstjóri
- Gæðastjóri
- Regluvörður
- Áhættustjóri
- Framkvæmdastjóri Fjármálasviðs
- Framkvæmdastjóri Lögfræðisviðs
- Framkvæmdastjóri Færsluhirðingarsviðs
- Framkvæmdastjóri Útgáfusviðs
- Framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs
- Framkvæmdastjóri Viðskiptavers

Í vafatilvikum sker stjórn úr um hvort starfsmaður eigi að teljast lykilstarfsmaður eða ekki og hvaða efnisatriði verða lögð til grundvallar við matið.

Þrátt fyrir að fleiri starfsmenn en skilgreindir eru í reglum þessum falli utan gildissviðs þessara reglna, eru fleiri starfsmenn Borgunar sem gegna lykilhlutverki í framtíðarþróun félagsins og gerir Borgun strangar hæfiskröfur til þessara starfsmanna.

3 Sérreglur um lykilstarfsmenn

Mat á hæfi lykilstarfsmanns skal fara fram áður en ráðið er í starf lykilstarfsmanns.

- Sé starfsmaður þegar í lykilstarfi er reglur þessar taka gildi skal mat á hæfi hans fara fram innan sex mánaða frá gildistöku reglnanna.
- Standist einstaklingur ekki mat á hæfi er honum heimilt að gangast undir matið í annað sinn í þeim hlutum sem á þótti skorta.

- Standist einstaklingur ekki hæfismat má hann ekki gegna störfum sem falla undir starfssvið lykilstarfsmanna.

Auk reglna þessara, gilda eftirfarandi sérreglur um lykilstarfsmenn:

- Takmarkanir á fyrirgreiðslum til lykilstarfsmanna og aðila í nánnum tengslum við þá, sbr. reglur FME nr. 162/2011.
- Reglur Borgunar um viðskipti starfsmanna.
- Takmarkanir varðandi starfslokasamninga, sbr. 57. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki.
- Í ársreikningi skal tilgreina fjölda lykilstarfsmanna, auk upplýsinga um heildargreiðslur og hlunnindi þeirra, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

4 Hæfisskilyrði

Starfsmaður skal uppfylla eftirfarandi *hlutlæg* skilyrði, sbr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þegar hann tekur við og á meðan hann gegnir starfi sem lykilstarfsmaður félagsins. Lykilstarfsmenn skulu ætíð uppfylla eftirtalin hæfisskilyrði:

- a) Viðkomandi skal vera lögráða og hafa óflekkað mannorð og búa yfir fullnægjandi færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að inna af hendi þau verkefni sem viðkomandi eru falin.
- b) Viðkomandi má ekki á síðustu 5 árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota.
- c) Viðkomandi má ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum.
- d) Viðkomandi má ekki á síðustu 10 árum hafa hlotið dóm vegna brots á samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldprotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi eða sýnt af sér aðra háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa góða viðskiptahætti eða siðferði.
- e) Viðkomandi skal vera fjárhagslega sjálfstæður. Hann skal jafnframt vera fjárhagslega óháður í þeirri merkingu að hann veiti ekki ráðgjöf eða sé í öðru samningssambandi eða tengslum við félagið umfram ráðningarsamband vegna lykilstarfsins, sem gæti stofnað í hættu trúnaðarskyldu hans gagnvart félaginu sem og skyldu til að gæta hagsmuna þess.

Mannauðsstjóri heldur skrá yfir lykilstarfsmenn sem og utan um þau gögn sem aflað er vegna hæfismats lykilstarfsmanna og forstjóra, þ. á m. innra mat félagsins á hæfi viðkomandi.

Verði breytingar á högum eða stöðu lykilstarfsmanns, sem kunna að hafa áhrif á hæfi viðkomandi, ber honum/henni skylda til að tilkynna tafarlaust um slíkt til mannauðsstjóra.

Starfsmaður skal ekki talinn hæfur til að gegna stöðu lykilstarfsmanns og skal ekki hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu félagsins, ef vafi leikur á því hvort viðkomandi uppfylli framangreind skilyrði.

Starfsmaður skal einnig uppfylla eftirfarandi *huglæg* skilyrði, sbr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þegar hann tekur við og á meðan hann gegnir starfi sem lykilstarfsmaður félagsins:

- a) Viðkomandi skal búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.
- b) Þekking og starfsreynsla skal metin m.a. út frá hæfismati regluvarðar og mannauðsstjóra, starfsferilskrá viðkomandi sem og starfsviðtali.

- c) Viðkomandi skal ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni hans til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að hann muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða félagið.

Auk framangreindra skilyrða skal höfð hliðsjón af hæfisskilyrðum fyrir stjórn og forstjóra sem er að finna í þeim sérlögum sem hver lykilstarfsmaður starfar eftir, jafnt hlutlægum sem huglægum.

5 Mat á hæfi

Mannauðsstjóri og regluvörður meta hæfi lykilstarfsmanna.

Lykilstarfsmanni er skylt að veita allar upplýsingar, sem félagið metur nauðsynlegar til að framkvæma hæfismat.

Við mat á því hvort umsækjandi um stöðu lykilstarfsmanns uppfylli hæfisskilyrði samkvæmt reglum þessum skal fara fram bæði huglægt og hlutlægt mat á viðkomandi. Mat þetta skal framkvæmt áður en til ráðningar kemur, að undanskildu hæfisprófi regluvarðar. Ef umsækjandi hefur áður sætt hæfismati hjá félaginu eða Fjármálaeftirlitinu má taka tillit til þess.

Við mat á hæfi skal a.m.k. eftirfarandi gert:

- Starfsmaður skal leggja fram ferilskrá, þar sem fram kemur menntun og starfsreynsla, auk meðmæla.
- Viðtöl skulu tekin við umsækjanda.
- Haft skal samband við meðmælendur.
- Umsækjandi skal leggja fram sakarvottorð og lánshæfisupplýsingar.
- Umsækjandi skal svara sérstökum spurningarlista, er varðar fyrri reynslu og orðspor.

Þekking starfsmanna á innri reglum félagsins og starfssemi er að auki könnuð reglulega, m.a. með netprófum. Skulu lykilstarfsmenn taka virkan þátt í slíkum prófunum.

Fái lykilstarfsmaður réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli er hann sendur í leyfi og ber honum að upplýsa regluvörð og mannauðstjóra um allar nýjar upplýsingar og gögn um framvindu rannsóknar um leið og þær verða honum aðgengilegar.

Lykilstarfsmönnum er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema þeir hafi heimild til þess frá regluverði, sbr. starfs- og siðareglur Borgunar.

Lykilstarfsmönnum ber að fara eftir starfsreglum félagsins þar sem fram kemur að þeim er óheimilt að taka þátt í meðferð eða afgreiðslu mála er varða hagsmuni eða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja eða einstaklinga sem þeir eru fjárhagslega eða persónulega tengdir.

Starfsmaður sem gegnir lykilstarfi skal veita félaginu allar þær upplýsingar er varðað geta framangreint og jafnframt upplýsa stjórn félagsins, regluvörð og mannauðstjóra um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum hans og varðað geta hæfi hans sem lykilstarfsmaður félagsins.

Sé lykilstarfsmaður fluttur til í annað lykilstarf skal forstjóri í samráði við regluvörð og mannauðstjóra ákveða hvort/hvernig hæfismat skuli fara fram.

6 Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi við birtingu. Samþykkt af stjórn Borgunar hf. þann 23. júlí 2018.

Reglur þessar skulu birtar á innra neti og heimasíðu félagsins.

Ábyrgðarmaður er regluvörður.